

Dómsorð:

Stefndi, Kolbeinn Gunnarsson, greiði stefnanda, Kolbrúnu Svavarsdóttur, kr. 400.000 með 19% ársvöxtum frá 9. mars 1979 til 1. júní s. á., en 22% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 220.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 10. júní 1982.

Nr. 228/1981. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Jóni Birni Ásgeirssyni

(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Íkveikja. Almannahætta. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Magnús Þ. Torfason.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu að ósk ákærða með stefnu 23. september 1981, og er málinu áfrýjað af hálfu ákærvalds til þyngingar refsingu. Ágrip málsins barst Hæstarétti 10. mars 1982.

Af hendi ákærvalds er þess krafist, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru, en til vara, að héraðsdómur verði staðfestur, þó svo, að refsing verði þyngd.

Verjandi krefst aðallega sýknu, en til vara, að ákærða verði aðeins dæmd refsing samkvæmt 167. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og til þrautavara samkvæmt 164. gr., 1. mgr., sömu laga, enda verði refsing skilorðsbundin. Þá er krafist frávisunar á fóbótakröfu.

Sakarefni er lýst í héraðsdómi.

Ákærði starfaði um hríð í Hraðfrystihúsi Stokkseyrar og þekkti vel til aðstæðna þar. Í héraðsdómi er lýst aðdragand-

anum að því, að ákærði kveikti eld, er hann var kominn inn í kaffistofu í hraðfrystihúsinu, en inn í húsið fór hann í heimildarleysi. Þá er þar einnig greint frá því, með hverjum hætti hann kveikti eldinn, og því, að allt umhverfis hann voru eldnæm efni. Olli hann miklum eldsvoða með ráðlagi sínu. Hraðfrystihúsið var í grennd við önnur hús, og var búið í sumum þeirra. Stafaði almannahætta af þessu atferli ákærða. Varðar háttalag hans hlutlægt við 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en álitamál er, hvort hér sé ásetningsbroti fyrir að fara eða gáleysisbroti, sbr. 167. gr. sömu laga. Varhugavert þykir að telja, að ákærði hafi kveikt eld í því skyni að brenna hraðfrystihúsið. Hins vegar fór ákærði mjög óvarlega með eld, og gat honum ekki dulist, að hætta kynni að vera á því, að eldur mundi magnast og læsast í eldfim efni í húsinu. Ákærði á að njóta vafa í sakarmati um hugræn atriði, sbr. 108. gr. laga nr. 74/1974, og ber samkvæmt því að telja atferli hans varða við 167. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 2. mgr. 164. gr. þeirra. Var hér um stórfellt gáleysi ákærða að ræða, sem stórtjón hlaust af, svo sem greinir í héraðsdómi, en mönnum var eigi lífsháski búinn af háttsemi hans, eins og veðri var háttað á þeim tíma, er hann framdi brot sitt.

Ákærði er sakhæfur. Dæma ber honum refsingu samkvæmt greindum refsíakvæðum með vísan til 78. gr. almennra hegningarlaga, sbr. sakavottorð hans. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 12 mánaða fangelsi, en til frádráttar henni komi gæsluvarðhaldsvist hans frá 1.—28. júní 1979.

Fébotakrafa sú, sem dæmd er í héraðsdómi, var lögð fram í þinghaldi 10. mars 1981 og kynnt ákærða í þinghöldum 3. og 30. apríl s. á. að viðstöddum skipuðum verjanda í báðum þinghöldum. Viðhlítandi grundvöllur er fyrir þessari kröfu, sem er sundurliðuð og reist að stofni til annars vegar á mati sérfróðra manna og hins vegar á samkomulagi milli forráðamanna Hraðfrystihúss Stokkseyrar h/f og Brunabótafélags Íslands um tjónbætur. Ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um fébotakröfu þessa að aðgættum breytingum á íslenskum gjaldmiðli, sbr. lög nr. 35/1979.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um sakarkostnað, þó

svo, að réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans í héraði verði 7.000.00 krónur. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 7.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 7.500.00 krónur.

Það er aðfinnsluvert, að úr dómsgerðum hefur fallið endurrit þinghalds, sem háð var 30. apríl 1981, kl. 1100.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Jón Björn Ásgeirsson, sæti fangelsi 12 mánuði. Til frádráttar komi sá tími, sem hann sætti gæsluvarðhaldi, 1.—28. júní 1979.

Ákvæði héraðsdóms um fébætur er staðfest samkvæmt framansögðu.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað, þó svo, að réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, verði 7.000.00 krónur.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 7.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 7.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Ákærði fór inn í Hraðfrystihús Stokkseyrar um miðja nótt með því að smeygja sér inn um dyr, þar sem hann vissi af löskuðum dyraumbúnaði. Húsið var þá mannaust og langt þangað til vinna hæfist að morgni. Sú skýring ákærða á erindi sínu í frystihúsið, að hann hafi ætlað að bíða þar eftir því, að nafngreindir starfsmenn — ýmist kunningjar hans eða bræður hans, til heimilis á sama stað og hann — mættu til vinnu sinnar, er ósennileg.

Ákærði lagði leið sína rակleitt í svonefnt pappaherbergi eða kaffistofu unglunga. Herbergi þetta var klætt innan með spónaplötum og pappa. Í einu horni þess virðist hafa verið geymt bindigarn úr næloni, og næst herberginu voru umbúðageymslur frystihússins, þar sem geymdar voru pappaumbúðir. Var þarna því mikil og augljós eldhætta, ef óvarlega var farið með eld. Voru reykingar bannaðar í herberginu vegna eldhættunnar, og var ákærða það kunnugt. Eigi að síður tendraði ákærði eld þegar, er inn var komið. Hefur hann ekki verið sjálfum sér samkvæmur um það, í hvaða skyni það var gert, en bæði gefið þá skýringu, að hann hafi ætlað að hafa birtu af eldinum og ætlað að njóta af honum hlýju.

Aðferð sinni við eldstendrunina lýsir ákærði svo, að hann hafi fyrst kveikt í rusli, sem verið hafi í öskubakka eða lítilli undirskál á tréborði í herberginu. Vitni, sem yfirheyrð hafa verið og spurð um undirskál þessa, kannast þó ekki við tilvist hennar nema bróðir ákærða, Halldór Ásgeirsson, sem segir öskubakka eflaust hafa verið á borðinu. Eldinum segist ákærði síðan hafa haldið við með því að bera á hann pappírspurrkur, sem verið hafi um allt gólf, og einnig einangrunarplast, er hann sagðist í fyrstu hafa brotið úr veggjum í þessu skyni, en síðar, að hann hefði tekið laust af borðinu. Ekkert er þó komið fram því til styrktar, að þar hafi legið laust frauðplast.

Eftir þetta segist ákærði ekkert muna til sín, fyrr en hann hafi vaknað við hita og reyk, þar sem hann hafi setið við borðið og legið fram á hendur sínar. Hafi þá verið kominn upp eldur í herberginu, aðallega fyrir aftan hann, en nokkuð til hliðar. Var það í horninu, þar sem bindigarnið var geymt. Flýtti ákærði sér þá út úr frystihúsinu án þess að gera nokkra tilraun til að slökkva eldinn. Gaf hann fyrst þá skýringu, að hræðsla hefði gripið hann vegna þess, hve mikill eldurinn var. Síðar sagðist hann þó hafa hugleitt að slökkva eldinn, en hafa horfið frá því ráði, vegna þess að hann hefði talið, að vatnsslanga, sem var í pökkunarsal, mundi ekki reynast nógu löng.

Er ákærði kom út úr frystihúsinu, hljóp hann rակleitt heim

til sín án þess að gera aðvart um eldinn. Fækkaði hann fötum á leiðinni svo og eftir að heim var komið. Hefur framburður hans um það, í hverju skyni þetta var gert, ekki verið eindreginn. Hefur hann gefið á því bæði þá skýringu, að hann hafi ætlað í rúm sitt, en einnig, að hann hafi viljað fara í verri föt til að aðstoða við slökkvistarfið.

Þegar allt framangreint er virt, tel ég, að ekki hafi getað farið hjá því, að ákærða hafi hlotið að vera ljóst, að vart gat hjá því farið, að eldsvoði hlytist af því háttalagi hans að tendra og magna eld í kaffistofunni með þeim hætti sem hann gerði, eins og allar aðstæður voru á þeim stað, og láta þann eld síðan brenna, svo sem hann einnig gerði. Þegar þess er enn fremur gætt, að skýringar ákærða á hegðun sinni bæði á undan og eftir eldsuppkomuna eru í ýmsum atriðum með miklum ólíkindum, og hann hefur enn fremur verið sjálfum sér ósamkvæmur í framburði sínum, tel ég ekki verða hjá því komist að virða honum eldsvoðann til ásetningsverks. Hefur hann því með verknaði sínum gerst sekur um brot á 2. mgr., sbr. 1. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Tel ég refsingu hans samkvæmt því eiga að vera fangelsi í 2 ár, en gæsluvarðhaldsvist hans komi refsingu til frádráttar.

Um skaðabætur og sakarkostnað, þar á meðal málssóknarlaun og málsvarnarlaun, er ég sammála atkvæði meiri hluta dómenda.

Dómur sakadóms Árnassýslu 14. maí 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 30. apríl sl., er af ákærvaldsins hálfu höfðað með ákæru, dags. 5. október 1979, á hendur Jóni Birni Ásgeirssyni verkamanni, Garði, Stokkseyri, fæddum 22. júní 1957 í Reykjavík, „fyrir að hafa gerst sekur um brennu samkvæmt 1. mgr., sbr. 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa miðvikudagsnóttina 30. maí 1979 farið í heimildarleysi inn í húsakynni Hraðfrystihúss Stokkseyrar h.f. á Stokkseyri og kveikt þar eld í herbergi við hlið umbúðargeymslu yfir humarvinnsalusal í suðurenda hússins, sem magnaðist skjótt og breiddist út um verulegan hluta hússins og olli gífurlegu tjóni á mannvirkjum og búnaði, áður en tókst að ráða niðurlögum eldsins.

Til vara telst ákærði hafa valdið fyrrgreindum eldsvoða með gáleysislegri meðferð á eldi í húsinu og brotið þannig gegn 1. mgr., sbr. 2. mgr. 164. gr., sbr. 167. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, verði þeirra krafist, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

Samkvæmt lögregluskýrslum, framburðum aðilja og öðrum gögnum eru málavextir þessir:

Klukkan 0431 hringdi til lögreglunnar á Selfossi Jón Kristinsson, slökkviliðsstjóri á Stokkseyri, og tilkynnti um eldsvoða í Hraðfrystihúsi Stokkseyrar. Jafnframt bað hann um, að lögregla sæi um, að slökkviliðsmenn á Stokkseyri yrðu kallaðir út. Tveim mínútum síðar var aftur hringt á lögreglustöðina á Selfossi og beðið um, að fengin yrði aðstoð slökkviliðsmanna frá Selfossi og Eyrarbakka.

Voru lið þessi kvödd til staðar, en einnig fóru á vettvang lögreglumenn frá Selfossi.

Samkvæmt frásögn vitnisins Jóns Kristins Kristinssonar slökkviliðsstjóra var hringt í hann um kl. 0420 þessa umræddu nótt og honum tilkynnt, að kviknað væri í frystihúsi staðarins. Hringdi þá slökkviliðsstjóri strax á lögreglustöðina á Selfossi og bað um, að lögregla sæi um, að slökkviliðsmenn á Stokkseyri yrðu kallaðir út.

Eftir þetta leit slökkviliðsstjórinn út um glugga og sá eld og svartan reykjarmökk teygja sig upp yfir miðju frystihúsinu, og var honum þá strax ljóst, að nauðsynlegt væri að fá aðstoð slökkviliðs á Selfossi. Fór slökkviliðsstjóri síðan á slökkvistöðina, en þangað komu einnig skömmu síðar aðrir slökkviliðsmenn staðarins. Fóru síðan slökkviliðsmenn á Stokkseyri á slökkvibífið, sem þeir höfðu til umráða, að frystihúsinu og hófu slökkviaðgerðir.

Þegar slökkviliðsmenn komu að frystihúsinu, var þakið yfir pökkunarsalum fallið, nema hvað stálsperurnar stóðu eftir. Var miðhluti hússins þá eitt eldhaf. Að sögn slökkviliðsstjóra var lögð megináhersla á að verja frystiklefa og vélasal hússins, sem voru austan við eldinn, og svo flökunarsalinn vestan megin við eldinn, en þar var eldurinn minnstur.

Slökkviliðsstjóri kvað veður hafa verið mjög gott, logn, og lagði reykin að mestu leyti beint upp í loftið.

Vitnið Dagný Hróbjartsdóttir, Hamrahvoli, Stokkseyri, fædd 6. júní 1934, hefur skýrt svo frá hjá lögreglu og síðan fyrir dómi, að það hafi vaknað við hávaða úti fyrir. Heyrði vitnið, að Kristrún Kalmannsdóttir, Garði, Stokkseyri, kallaði til einhvers „að fara heldur að Hamrahvoli, fólkið þar væri fljótara að vakna.“

Rétt í því var bankað harkalega á þvottahúsdyrnar heima hjá vitninu. Var þarna ákærði á ferðinni, og kallaði hann, að kviknað væri í frystihúsinu.

Er vitnið leit í átt að frystihúsinu, sá það, að húsið var alelda yfir umbúðageymslunni. Stóð mikill eldur upp úr húsinu að sögn vitnisins, og hringdi það á slökkviliðið.

Vitnið Kristrún Ósk Kalmannsdóttir, Garði, Stokkseyri, fædd 23. mars 1934, móðir ákærða, var yfirheyrð hjá lögreglu og fyrir dómi vegna máls þessa. Hefur vitnið borið, að það hafi vaknað nefnda nótt við hávaða úr herbergi Guðlaugs Rúnars Ásgeirssonar, sonar vitnisins, en herbergi hans er fyrir ofan vistarverur vitnisins. Fór vitnið upp á efri hæð til að vita, hvað gengi á. Er vitnið kom upp, var nefndur Guðlaugur og ákærði að koma niður stigann ofan af háalofti og sögðu, að kviknað væri í frystihúsinu. Fór vitnið upp á háaloft og leit út um glugga þar, og sá vitnið þá eld og reyk, og lagði reykinn fyrst beint upp, en síðan niður og í áttina að hafnargarðinum.

Kvaðst vitnið enn fremur hafa séð ákærða, þar sem hann barði að dyrum hússins Sjólýstar. Kallaði vitnið til ákærða og bað ákærða að fara heldur að Hamrahvoli, þar eð fólkið þar væri fljótara að vakna, og fór ákærði þangað og vakti fólkið þar upp. Vakti síðan vitnið Halldór, son vitnisins, og fór Halldór þessi ásamt fyrrgreindum Guðlaugi og ákærða í bifreið Halldórs á vettvang.

Vitnið Guðlaugur Rúnar Ásgeirsson, fæddur 15. febrúar 1956, til heimilis Garði, Stokkseyri, hefur verið yfirheyrður hjá lögreglu og fyrir dómi vegna máls þessa. Kvaðst vitnið hafa vaknað aðfaranótt 30. maí 1979 við, að bróðir vitnisins, ákærði, hristi vitnið og sagði því, að kviknað væri í einhvers staðar „vestur frá“, að því er vitnið minnti. Fór vitnið fram í stofu, og út um stofugluggann sá vitnið reyk í vesturátt. Dró vitnið stól að glugganum til að sjá betur, og sá vitnið þá, að reykurinn var vinstra megin við turn Hraðfrystihúss Stokkseyrar, og steig reykurinn beint upp, en lagðist síðan í átt að sjónum. Því næst fór vitnið upp á háaloft til að sjá betur, hvar eldurinn væri. Sagðist vitnið þá hafa séð eldtungur standa upp úr vinnslusal frystihússins.

Kvaðst vitnið því næst hafa kallað til ákærða, sem þá var í miðjum stiga að því er vitnið taldi, að fara út og kalla á slökkvilið.

Kvaðst vitnið hafa enn fremur vakið frænda sinn, Guðmund Eyþór Guðmundsson, en hann bjó þarna að Garði. Fór vitnið síðan ásamt Halldóri bróður sínum og ákærða áleiðis að frystihúsinu í bifreið áðurgreinds Halldórs.

Að sögn vitnisins sprengdi það ásamt ákærða upp hurð á vesturgafli frystihússins til að komast þar inn og bjarga þaðan lyftara út, en þeir urðu að hverfa frá vegna reyks og hita, og lokuðu þeir hurðinni á eftir sér. Næst fóru þeir að norðurenda hússins, þar sem þeir báru frá húsinu m. a. ammoníak og klórgas að því er vitnið taldi.

Vitnið Halldór Kalmann Ásgeirsson, fæddur 1. ágúst 1953, til heimilis Garði, Stokkseyri, hefur skýrt frá því hjá lögreglu og fyrir dómi, að einhvern tímann um nóttina 30. maí 1979 hafi hann verið vakinn af móður þess, sem sagði vitninu, að kviknað væri í frystihúsinu á Stokkseyri. Þá var albjart og sólin komin á loft. Klæddi vitnið sig og fór strax út í bifreið, sem vitnið átti, og komu bræður vitnisins, ákærði og Guðlaugur Rúnar, fljótlega einnig upp í bifreiðina. Héldu þeir síðan á vettvang til að aðstoða við slökkvistarfið.

Ákærði var yfirheyrður af lögreglu á vettvangi. Skýrði ákærði svo frá, að hann hefði verið við drykkju í þorpínu kvöldið áður og fram á nótt. Klukkan 0020 til kl. 0100 hefði hann farið að sofa. Um nóttina kvaðst ákærði hafa vaknað til að fá sér vatn til að drekka. Hefði hann litið út um stofugluggann og séð reykjar-súlu og eldtungur teygja sig upp úr þaki frystihússins. Kvaðst ákærði hafa farið á nærfötum einum klæða að húsinu Hamrahvoli, þar sem hann hefði vakið húsmóðurina, sem hefði síðan hringt á slökkviliðið. Sagðist ákærði síðan hafa farið með bræðrum sínum, Halldóri og Guðlaugi Rúnari, að frystihúsinu.

Vitnið Hergeir Kristgeirsson rannsóknarlögreglumaður fór á staðinn og gerði vettvangsskoðun og uppdrátt af Hraðfrystihúsi Stokkseyrar. Hefur nefndur Hergeir staðfest þessi verk sín fyrir dómi.

Hraðfrystihús Stokkseyrar eru mörg sambyggð hús, sem byggð eru á mismunandi tímum. Eru veggir flestir úr steinsteypu, en sumir eru úr stálgrind, klæddir báruðu áli. Austast í þessari húsa-röð er verkstæði og frystiklefi við hlið þess. Við vesturenda verkstæðisins er vélasalur, og út frá honum, til norðurs, er gamall

frystiklefi. Framangreind hús sluppu við eldinn, nema hurð á nýja frystiklefanum, sem snýr að tækjasal, brann að nokkru leyti, og komst þar væta og reykur inn í klefann, er var næstum fullur af hraðfrystum fiski. Við vesturenda nýja frystiklefans var tækjasalur, þar sem voru 14 hraðfrystitæki. Þar var einnig aðstaða til að setja fiskpakkana í kassa og þar tilgerð bindivél í suðurenda. Tækjasalurinn var með steiptum veggjum, yfirgerð var úr timbri, þakpappa og bárujárni. Öll tæki í sal þessum eyðilögðust.

Við vesturhlið tækjasalarins var salur fyrir humarvinnslu, og yfir hluta af honum var timburloft og þar fyrir ofan umbúðageymsla. Yfir öðrum hluta tækjasalarins var loft úr strengjasteypu og þar yfir pökkunarsalur með 17 borðum. Voru borð þessi gerð úr áli og plasti. Við suðurenda humarvinnsunnar var lítill klefi, sem notaður var sem fiskbúð. Þarna brann allt.

Þakið yfir pökkunarsalnum var gersamlega horfið, nema stálsperrurnar stóðu eftir, sumar hverjar áberandi bognar eftir hitann frá eldinum. Þakið var klætt báruðu áli og einangrað með frauðplasti, en önnur klæðning mun ekki hafa verið neðan á því. Allt, sem var í pökkunarsalnum, gereyðilagðist. Suður af pökkunarsalnum var stigi niður, og hálfu lofti neðar var kaffistofa vestan megin, en austan við stigann var gengið inn í umbúðageymsluna. Umbúðirnar voru geymdar í þremur klefum, tveimur þeirra steinsteiptum og inni á loftinu yfir humarvinnslunni. Allt, sem var í kaffistofum og geymslum þessum, brann og eyðilagðist.

Á suðurveggnum, vestan við fiskbúðina og við dyrnar að stiganum upp á loftið, var rafknúin stimpilklučka. Hafði hún stansað kl. 0427.

Samkvæmt lögregluskýrslu er talið, að um kl. 0600 hafi útbreiðsla eldsins verið stöðvuð. Brunabótafélag Íslands hefur upplýst, að tjón á fasteignum hafi numið gkr. 302.340.240. Þá hefur Tryggingamiðstöðin upplýst, að tjón á fiskafurðum hafi verið áætlað á milli gkr. 20—25 milljónir.

Veður á Eyrarbakka, sem er í nágrenni Stokkseyrar, var samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands nóttina 29.—30. maí 1979 þannig, að á mælingatíma á miðnætti var VNV 3, en kl. 0900 um morguninn var ASA 3 og vindátt breytileg.

II.

Síðar um morguninn 30. maí 1979 héldu lögreglumennirnir Hergeir Kristgeirsson rannsóknarlögreglumaður og Tómas Jónsson

lögregluvarðstjóri áfram vettvangskönnun. Rannsókuðu þeir sérstaklega þau atriði, sem líklegust voru til þess að varpa ljósi á eldsupptök, svo sem gerð raflagna, meðferð eldfimra efna, mannaferðir í húsinu kvöldið fyrir brunann og svo mannaferðir í þorpinu umrædda nótt.

Samkvæmt könnun lögreglumanna benti allt til þess, að rafbúnaður hefði verið í góðu lagi, og engin laustengd rafmagnstæki höfðu verið í sambandi. Ekki var vitað um, að nein efni, sem valdið gætu sjálfstærðveikju, hefðu verið í húsinu.

Síðasti maður, sem yfirgaf frystihúsið, var Þorvaldur Ágústsson vélvirkjameistari. Hafði hann ekki orðið var við neitt óeðlilegt, þegar hann yfirgaf húsið.

Í máli þessu liggur fyrir skýrsla Engilberts Þórarinssonar, umsjónarmanns raflagna.

Í skýrslu þessari segir, að raflagnir í frystihúsinu hafi verið mjög góðar, með mjög góðri lekastraumsvörn og jarðbindingum. Samkvæmt athugun áðurgreinds Egilberts kom ekkert fram, sem benti til þess, að rafmagn hefði verið orsök brunans.

Síðasti maður, sem vitað var, að hefði verið á ferli í þorpinu þessa umræddu nótt, var ákærði, sem sagður var hafa verið á ferð í austurhluta þorpsins um kl. 0300.

Vitnið Svandís Sigurðardóttir, fædd 3. september 1935, Sævarlandi, Stokkseyri, hefur skýrt frá því, að laust fyrir kl. 0300 hinn 30. maí 1979 hafi hún vaknað við, að barið hafi verið fast á útihurðina. Fórorvitnið fram, en þorði ekki að opna, þar eð vitnið gat ekki séð, hver þarna væri á ferðinni. Vakti vitnið dóttur þess, Hafðís. Kallaði vitnið síðan út um gluggann, hver þarna væri, og kom ákærði þá að glugganum. Að sögn vitnisins var hann áberandi ölvaður. Bað ákærði um að fá að tala við vitnið, en vitnið kvaðst hafa sagt ákærða, að það vildi ekki ræða við ákærða. Ákærði mætti hins vegar koma daginn eftir, þá ódrukkinn, til að ræða við vitnið.

Þegar vitnið sagði þetta, fór ákærði að gráta fyrir utan gluggann, og að sögn vitnisins sagði ákærði eitthvað á þá leið, að allir væru vondir við sig. Kvaðst vitnið hafa farið þá frá glugganum og farið fram í eldhús. Úr eldhúsglugganum, sem er vestan megin á húsinu, sá vitnið ákærða fara með húsinu og niður fyrir sjógarð, og hvarf ákærði sjónum vitnisins, en vitnið kvaðst hafa fylgst með því, hvort ákærði kæmi aftur upp fyrir sjógarðinn hjá húsinu Gerðum, sem er nokkru vestar í þorpinu.

Síðdegis hinn 30. maí 1979 mætti ákærði til yfirheyrslu hjá

lögreglu. Gerði ákærði þá grein fyrir ferðum sínum að kvöldi hins 29. maí 1979. Þar endurtók ákærði fyrri framburð þess efnis, að hann hefði verið við drykkju þetta kvöld í þorpinu. Hefði hann farið um kl. 2000 til mágs síns, er byggi að Sólbakka, Stokkseyri, en hann hefði verið nýkominn úr siglingu og hefði átt útlenskan bjór, sem hann hefði veitt af. Um kl. 2100 hefðu þeir Gunnar Geirsson, Jaðri, og Vilhjálmur Magnússon, Hátúni, komið að Sólbakka.

Að sögn ákærða vissu nefndur Gunnar og Vilhjálmur til þess, að nokkrir krakkar væru samankomnir í húsinu að Eyjaseli 5, Stokkseyri. Var því farið þangað, og var ákærði með ½ brennivínsflösku með sér. Þarna að Eyjaseli 5 neyttu ákærði og áðurgreindur Gunnar af flösku þessari. Taldi ákærði, að þeir hefðu verið að Eyjaseli 5 í allt að einni og hálfri klukkustund, en þá hefði fyrrnefndur Vilhjálmur ekið þeim heim á leið. Ákærði kvaðst, áður en hann fór heim, hafa komið við á Sólbakka og ætlað þar að fá meiri bjór, en ekki fengið hann. Hefði hann því næst farið beint heim til sín að Garði og farið strax að sofa. Hélt ákærði, að þá hefði klukkan verið 0100, eða „kannski aðeins meira“.

Síðan endurtók ákærði frásögn sína, að hann hefði vaknað um nóttina og farið fram úr rúmi til að fá sér vatnssopa og séð þá út um stofugluggann reykjarmökk yfir frystihúsinu. Kvaðst ákærði hafa strax vakið Guðlaug Rúnar, bróður ákærða, og beðið hann að vekja „strákana“, en sjálfur sagðist ákærði, eins og áður greinir, hafa hlaupið á nærklæðunum einum klæða yfir að húsinu Hamrahvoli til þess að láta slökkviliðið vita, en enginn sími var á Garði. Kvaðst ákærði síðan hafa farið með bræðrum sínum, þeim Guðlaugi Rúnari og Halldóri, áleiðis að frystihúsinu.

Ákærði sagði, að þeir Guðlaugur hefðu komið fyrstir að frystihúsinu, en fólk hefði fljótlega drifið þar að. Hefðu þeir byrjað að taka 3 ammoníakskúta, sem voru við dyrnar götumegin, og færa þá frá húsinu, en skömmu síðar hefði orðið sprenging inni í húsinu og hefðu þá rúður á austurgaflinum sprungið. Ákærði kvað slökkviliðið hafa komið fljótlega á vettvang og hefðu þeir Guðlaugur aðstoðað við slökkvistarfið.

Taldi ákærði, að eldurinn hefði verið mestur upp úr þakinu yfir umbúðageymslu, sem var austast í húsinu.

Ákærði var síðan að nýju yfirheyrdur þennan sama dag, og var framburður ákærða að mestu efnislega samhljóða fyrri framburði. En ákærði skýrði enn fremur frá því, að hann hefði dvalist á að giska 20—30 mínútur að Sólbakka í síðara skiptið. Þaðan

hefði hann gengið heim, en stansað þar stutta stund, en síðan farið aftur út og gengið austur götuna að húsi, sem kunningj kona ákærða, að nafni Hafdís, byggði í. Þar hefði hann knúið dyra, en farið síðan að húsinu Baldurshaga og ætlað að hitta nafngreindan aðilja, en þar hefði enginn svarað, enda þótt hann hefði bankað á dyr. Kvaðst ákærði síðan hafa farið aftur að húsinu Sólbakka og hefði móðir Hafdísar komið út í glugga og talað við ákærða og sagt, að Hafdís væri sofandi, og vildi hún ekki vekja hana. Þaðan sagðist ákærði hafa farið beinustu leið heim eftir aðalgötunni. Taldi ákærði, að hann hefði verið um það bil hálf klukkustund í ferð þessari. Varðandi ofangreindar tímaáætlanir kvaðst ákærði ekki hafa verið með úr á sér og af þeim sökum gætu fyrrgreindar tímaáætlanir verið ónákvæmar.

Ákærði var yfirheyrður af lögreglu hinn 31. maí 1979, og þann dag kom ákærði fyrir dóm. Hinn 1. júní 1979 var ákærði úrskurðaður til að sæta allt að 7 daga gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar málsins vegna gruns um, að hann gæti verið viðriðinn upptök eldsvoðans í Hraðfrystihúsi Stokkseyrar. Ákærði var á fyrrgreindum tíma nokkuð ítarlega yfirheyrður. Neitaði ákærði öllum sakargiftum, en framburður hans var reikull og breytilegur. Ákærði var enn á ný ítarlega yfirheyrður hinn 5. júní 1979 og hélt þar enn fram sakleysi sínu, en framburður ákærða var breytilegur sem fyrr.

Hinn 7. júní var ákærði yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglu ríkisins. Í yfirheyrslum þennan dag viðurkenndi ákærði að vera valdur að eldsvoðanum í Hraðfrystihúsi Stokkseyrar hinn 30. maí 1979. Ákærði staðfesti síðan játningu þessa fyrir dómi hinn 8. júní 1979, en í sama þinghaldi var ákærði úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 4. júlí s. á.

Ákærði var ítarlega yfirheyrður um málsatvik, meðan hann sætti gæsluvarðhaldi. Kvaðst ákærði hafa heimsótt systur sína og mág, er bjuggu að Sólbakka, Stokkseyri, en mágur ákærða hefði verið nýkominn úr siglingu, eins og áður greinir. Kvaðst ákærði hafa fengið hjá mági sínum 3—4 bjóra, sem ákærði hefði blandað áfengi út í, en ákærði sagði mág sinn einnig hafa verið með áfengispela. Sagðist ákærði hafa fundið til töluverðra áfengisáhrifa af þessu, enda hefði hann drukkið þetta á stuttum tíma, sennilega á um einni klukkustund.

Ákærði kvað einnig hafa verið þarna að Sólbakka móður hans, Halldór bróður hans og þá Vilhjálm Magnússon og Gunnar Geirsson, báða búsetta á Stokkseyri. Kvað ákærði þau hafa horft

á sjónvarp. Eftir að þau hefðu horft á aðalsjónvarpsmynd kvöldsins, sagði ákærði, að nefndir Gunnar og Vilhjálmur hefðu viljað fara að Eyjaseli 5, þar sem þeir sögðu, að væri „partý“, eins og áður greinir. Kvaðst ákærði hafa fengið lánaða 1 flösku af Smirnoff vodka hjá mági sínum. Sagðist ákærði síðan hafa hellt vodka á „ginflösku“ og fyllt síðan með bjór. Ákærði kvað þá hafa farið síðan að Eyjaseli í bifreið Vilhjálms og verið þar í um 2 klst. Sagði ákærði, að klárast hefði úr umræddri ginflösku að Eyjaseli og hefði ákærði drukkið meiri hlutann úr flöskunni.

Ákærði kvaðst hafa verið orðinn vel ölvaður, er hann hefði farið frá Eyjaseli 5, en þaðan sagðist ákærði hafa farið ásamt Gunnari og Vilhjálmi og í bifreið Vilhjálms, sem hefði ekið. Kvaðst ákærði hafa beðið nefndan Vilhjálmi að aka aftur að Sólbakka, en þangað ætlaði ákærði að sækja meira áfengi. Sagðist ákærði hafa fengið afgang af „vodkanum“ þarna að Sólbakka, en Gunnar og Vilhjálmur hefðu haldið áfram ferð sinni.

Kvaðst ákærði síðan hafa gengið heim til sín og þar blandað vatni út í áfengið, sem hann hafði verið með. Hefði hann farið aftur mjög fljótlega að heiman og hefði hann gengið beint heim að Sævarlandi til að heimsækja þar Hafdís, vinstúlku sína, sem þar bjó. Minnti ákærða, að hann hefði bankað á glugga á herbergi áðurgreindrar Hafdísar og jafnframt, að móðir Hafdísar hefði komið út í glugga. Ákærði kvaðst þó ekki muna eftir orðaskiptum við hana, og ákærði var helst á því, að hann hefði farið að húsinu Baldurshaga. Hefði hann bankað þar á dyr, en snúið aftur að Sævarlandi. Þegar enginn hefði svarað á fyrrnefnda staðnum. Taldi ákærði, að hann hefði í síðara skiptið, er hann fór að Sævarlandi, átt orðaskipti við móður Hafdísar, sem hefði sagt Hafdís vera sofandi.

Eftir þetta kvaðst ákærði hafa gengið í vesturátt, og man ákærði eftir því að hafa gengið fram hjá heimili sínu. Sagðist ákærði hafa ætlað að heimsækja systur sína að Garðsstöðum, Stokkseyri. Að sögn ákærða hætti hann við að fara þangað, þegar hann sá, að ekkert ljós var að Garðsstöðum. Kvaðst ákærði hafa gengið þá niður fyrir frystihúsið sjávarmegin. Sagðist ákærði hafa dottið í hug að fara inn í frystihúsið og hefði hann farið inn um tvöfalda hurð, sjávarmegin, en sú hurð var skemmd eftir sjórok, þannig að hægt var að komast þar inn í frystihúsið. Kvaðst ákærði hafa verið kunnugur staðháttum inni í frystihúsinu og hefði hann farið upp á loft í viðbyggingu við hraðfrystihúsið, en þar var í svokölluðu pappaherbergi eða pappalofti herbergi, sem

ákærði og fyrrum vinnufélagar við frystihúsið höfðu útbúið sem hálfgerða kaffistofu.

Ákærði kvaðst hafa ætlað að bíða þar eftir að strákarnir kæmu til vinnu um morguninn, og sagðist ákærði hafa sest á bekk við borð, sem hefði verið útbúið í framangreindri kaffistofu. Á borði þessu hefði verið undirskál, sem í hefði verið rusl. Kvaðst ákærði hafa kveikt í rusli þessu með kveikjara, sem hann var með á sér, en þarna hefði m. a. verið um að ræða tóman sigarettupakka, brunnar eldspýtur og eitthvað af sigarettustubbum. Sagðist ákærði hafa kveikt í rusli þessu til að fá birtu þarna inni, en á pappaherbergi þessu var að sögn ákærða gluggi, sem búið var að setja einhvers konar plötu í í stað glers og því lítil birta, er kom inn um gluggann. Kvaðst ákærði hafa haldið eldinum logandi með því að bæta á hana bréfpurrkum, sem hefðu verið þarna um allt gólf, en einnig kvaðst ákærði hafa brotið af einangrunarplasti úr veggnum og sett það á eldinn.

Skýrði ákærði frá því, að hann hefði fengið sér að drekka af áfenginu, sem hann hefði haft með sér, og einnig kvaðst ákærði hafa fengið sér sigarettu til að reykja. Það næsta, sem ákærði kvaðst hafa munað eftir, var, að hann vaknaði við töluverðan hita og reyk, þar sem hann hefði setið á bekknum og legðið með hendur fram á borðið. Þegar ákærði áttaði sig á því, að kviknað var í, kvaðst ákærði hafa hlaupið út úr kaffistofunni og hefði eldurinn verið mestur, þar sem hann áður hefði setið, og hefði eldurinn verið kominn í loftið þar. Ákærði sagði, að sig hefði gripið mikil hræðsla, er hann hefði séð, hversu mikill eldurinn var orðinn. Hefði hann hlaupið niður og út um dyr á nýbyggingunni sjávarmegin, og kvaðst ákærði halda, að hann hefði lokað hurðinni á eftir sér, en var þó ekki viss um það.

Ákærði bætti við í síðari yfirheyrslu, að er hann hefði komið fram á ganginn framan við kaffistofuna og litið þar við og séð, hversu eldurinn var orðinn mikill, hefði hann hugleitt að reyna að slökkva eldinn með vatni. Kvaðst ákærði hafa vitað af vatnskрана í pökkunarsalnum þarna skammt frá. En ákærði sagðist ekki hafa treyst sér til þess, þar eð eldurinn var það mikill.

Að sögn ákærða hljóp hann síðan beint heim til sín að Garði, en við húsið Aðalstein, eða skömmu áður en hann kom að því, klæddi ákærði sig úr blússunni, og er hann kom að Garði, fór hann einnig úr skyrtunni. Ákærði kvað ætlunina hafa verið hjá sér, er hann byrjaði að klæða sig úr fötunum, að fara inn í herbergi sitt og leggjast upp í rúm. En ákærði sagðist hafa hætt við

það, er heim var komið, og ákvað þess í stað að vekja Guðlaug Rúnar, bróður sinn, eins og ákærði hefur áður greint frá. Þegar hér var komið sögu, kvaðst ákærði hafa verið á sundskýlu, þar sem hann ætlaði að fara í drullugalla til að hjálpa við slökkvistarfið.

Ákærði kvaðst hafa vakið Guðlaug Rúnar, bróður sinn, og sagt honum, að kviknað væri í frystihúsinu. Hefði nefndur Guðlaugur Rúnar hlaupið upp á háaloft, og sagðist ákærði hafa farið í humátt á eftir honum. Ákærði kvaðst hafa verið flemtri sleginn og hefði hann ekki vitað, hvað hann ætti að gera. Sagði ákærði Guðlaug Rúnar hafa sagt sér að láta slökkviliðið vita. Kvaðst ákærði hafa hlaupið út í sundskýlu einni klæða.

Að sögn ákærða hljóp hann fyrst að húsinu Sjólust, þar sem hann bankaði einu sinni eða svo, en síðan hljóp ákærði að húsinu Hamrahvoli, þar sem hann barði upp. Kom húsmóðir fljótt til dyra, og sagði ákærði henni, hvað um var að vera, og það hana að hringja á slökkviliðið. Hljóp ákærði síðan heim til sín.

Kvaðst ákærði hafa farið í vinnuföt í flýti. Þarna að Garði sagðist ákærði hafa átt orðaskipti við Halldór bróður sinn og hefði hann spurt ákærða, hvort hann væri mikið drukkin. Sagðist ákærði hafa svarað því játandi. Ákærði kvað hann ásamt bræðrum sínum, Guðlaugi Rúnari og Halldóri, hafa farið áleiðis til frystihússins, eins og að framan greinir. Á leiðinni þangað hefði annar hvor bræðra hans sagt: „Svo þú ert búinn að vera blindfullur í allt kvöld og verður örugglega kennt um þetta.“

Að sögn ákærða tók hann þátt í slökkvistörfum við Hraðfrystihús Stokkseyrar þennan umrædda morgun. Kvaðst ákærði hafa ásamt Guðlaugi Rúnari, bróður sínum, hafa byrjað á því að taka 3 ammoníakskúta við dyr götumeigin við frystihúsið og færa þá frá húsinu, en skömmu síðar hefði orðið sprenging inni í frystihúsinu og hefðu þá rúður á austurgaflinum sprungið. Kvað ákærði slökkviliðið hafa borið að skömmu síðar.

Ákærði var látinn laus úr gæsluvarðhaldi hinn 28. júní 1979.

Hinn 3. apríl 1981 kom ákærði fyrir dóm. Skýrði ákærði frá því í þinghaldi þessu, að hann hefði kveikt í umræddri undirskál af fikti og til að hlýja sér, en ákærði kvað oft hafa verið kalt í kaffistofu þeirri, sem ofangreind undirskál var í.

Þá sagðist ákærði aðspurður ekki hafa gert sér grein fyrir því, er hann kveikti í undirskál þessari, að það gæti leitt til eldsvoða.

Áðurgreint vitni Krístrún Kalmansdóttir, móðir ákærða, hefur skýrt frá því, að það hafi gengið til náða um kl. hálf tólf hinn

30. maí 1979. Hafi vitnið þá verið eitt heima. Um nóttina kvaðst vitnið hafa vaknað og farið fram á salerni og varð litið inn í herbergi sonar síns, ákærða í máli þessu, og sýndist ákærði vera inni í herbergi sínu, þar eð hann hefði verið vanur að fara frá rúmi sínum óumbúnu og sænginni flett af því. Í þetta skipti hefði sængin hins vegar verið breidd yfir allt rúmið og hefði sængin verið hæst í miðjunni eftir endilöngu, eins og einhver lægi undir henni. Að sögn vitnisins sá það einnig fót, sem ákærði átti og lágu þar á gólfinu við endann á rúminu. Vitnið kveðst raunverulega ekki hafa séð ákærða í þetta skipti, en talið víst, að hann lægi í rúmi sínu vegna þess, hvernig rúmið hefði litið út.

Vitnið sagðist ekki vita, hvað klukkan hefði verið, en ekki hefði verið orðið fullbjart af degi. Vitnið kvaðst síðan hafa lagst aftur til svefnis, en legið vakandi í u. þ. b. 15—20 mínútur, áður en vitnið hefði sofnað. Að sögn vitnisins hafði það sofið um eina klukkustund, er það vaknaði við hávaða, eins og áður greinir hér að framan.

Vitnið kvaðst ekki hafa vitað um það, að ákærði lægi undir grun um að hafa valdið eldsvoðanum í frystihúsinu fyrr en síðdegis þennan dag. Vitnið sagðist aðeins hafa séð ákærða rétt í svipinn og því ekki getað merkt, að ákærði væri undir áhrifum áfengis. Vitnið kveðst aðspurt aldrei hafa heyrt ákærða hafa haft í heitingum í garð forráðamanna frystihússins vegna uppsagnar ákærða þar.

Vitnið Guðlaugur Rúnar Ásgeirsson kvaðst hafa farið til Reykjavíkur miðvikudagskvöldið hinn 29. maí 1979 ásamt nokkrum öðrum aðiljum og hefðu þeir komið aftur að Stokkseyri um miðnætti. Kvað vitnið þá hafa komið við að Eyjaseli 5, þar sem þeir sáu bifreið Vilhjálms Magnússonar þar fyrir utan. Sagði vitnið þá síðan hafa farið þarna inn að Eyjaseli 5, en stansað þar stutt, 10—15 mínútur, en þá hefðu þeir farið út úr húsinu ásamt ákærða og fleirum, sem þarna hefðu verið. Kvaðst vitnið hafa skilið þarna við ákærða og farið í bifreið með sömu aðiljum og það hefði verið með um kvöldið einn rúnt um Stokkseyri, áður en það fór heim. Að sögn vitnisins ræddi það heima hjá sér stutta stund við Halldór bróður sinn og Guðmund móðurbróður sinn, áður en vitnið fór að sofa.

Vitnið kvað ákærða ekki hafa verið heima á þessum tíma, og vissi vitnið ekki af ákærða, fyrr en ákærði vakti vitnið og sagði því frá eldsvoðanum, eins og að framan greinir.

Vitnið sagði ákærða ekkert hafa sagt sér um upptök brunans.

Framangreint vitni Guðlaugur Rúnar Ásgeirsson hefur verið spurt um það, hvort það hafi heyrt ákærða einhvern tímann tala um það, að hann skyldi ná sér niðri á frystihúsinu vegna uppsagnar ákærða þar. Hefur vitnið neitað því að hafa heyrt ákærða tala um slíkt. Vitni þetta hefur enn fremur sagt, að ákærði hafi ekki verið drukkinn á umræddum tíma, er eldsvoðinn varð.

Vitnið Halldór Kalmann Ásgeirsson, bróðir ákærða, hefur skýrt frá því, að eftir að sjónvarpi lauk, hafi vitnið farið til systur sinnar, sem bjó að Sólbakka, og dvalið þar í u. þ. b. klukkustund. Á þeim tíma kvað vitnið ákærða hafa komið þar í tvö skipti, en vitnið kvað ákærða hafa verið að aka með einhverjum krökkum um þorpið. Að sögn vitnisins var ákærði að Sólbakka, er vitnið fór þaðan á tímabilinu milli kl. tólf og eitt um nóttina. Vitnið kvað ákærða hafa verið þéttkendan og hefði ákærði verið búinn að drekka eitthvað af víni, blönduðu í útlenskan bjór, um kvöldið. Vitnið sagðist hafa farið frá Sólbakka heim til sín og lagst til svefns.

Vitnið kvaðst ekki hafa heyrt á þessum tíma, hver hefðu verið upptök eldsvoðans, og það hefði ekki hvarflað að því, að ákærði væri valdur að eldsvoðanum.

Þá sagðist vitnið ekki hafa heyrt ákærða hafa haft í heitingum um að ná sér niðri á Hraðfrystihúsi Stokkseyrar.

Vitnið, sem kveðst hafa starfað af og til í Hraðfrystihúsi Stokkseyrar, síðan það flutti þangað árið 1971, hefur lýst kaffistofu þeirri, sem var á svokölluðu pappalofti í umbúðageymslu. Kveður vitnið kaffistofu þessa hafa verið ca 2x3 m² á stærð. Veggir hafi verið gerðir úr pappakössum, sem höfðu verið skornir niður í þessu skyni. Inni í kaffistofu þessari voru að sögn vitnisins bekkur úr tré og viðarborð, og pappakassar voru notaðir sem stólar. Vitnið kvað öskubakka eflaust hafa verið á áðurgreindum bekk.

Vitnið Guðmundur Eyþór Guðmundsson, fæddur 22. desember 1955, til heimilis Garði, Stokkseyri, móðurbróðir ákærða, kvaðst hafa farið að kvöldi hins 29. maí til Hafnarfjarðar ásamt nokkrum piltum, m. a. frænda sínum Guðlaugi Rúnari Ásgeirssyni. Að sögn vitnisins komu þeir aftur til Stokkseyrar um kl. 2340. Sáu þeir þá bifreið Vilhjálms Magnússonar fyrir utan húsið að Eyjaseli 5. Fóru þeir þar inn, en dvöldu þar stuttan tíma, ca 15—20 mínútur. Þarna að Eyjaseli 5 voru nokkrir aðiljar, m. a. ákærði.

Vitnið sagðist fljótlega eftir þetta hafa farið heim að Garði ásamt Guðlaugi Rúnari. Þar sagðist vitnið hafa spjallað við

nefndan Guðlaug og Halldór Ásgeirsson, er þar bjó. Hefðu þeir rætt saman í ½ klukkustund, en þá hefði vitnið farið að sofa. Kvaðst vitnið hafa verið vakið af Guðlaugi Rúnari síðar um nóttina, sem sagði því, að kviknað væri í Hraðfrystihúsi Stokkseyrar. Sagðist vitnið hafa farið inn í stofu og litið þar út um glugga til að ganga úr skugga um þetta. Kvaðst vitnið hafa séð mikinn reyk stíga upp sunnan við turn frystihússins.

Vitnið kvað ákærða síðan hafa komið hlaupandi inn í húsið, eftir að hann hefði farið út til að gera slökkviliðinu viðvart.

Að sögn vitnisins klæddi það sig og fór síðan í bifreið áðurgreinds Halldórs ásamt ákærða og Guðlaugi Rúnari að frystihúsinu til að hjálpa við slökkvistarfið.

Vitnið kvaðst aldrei hafa heyrt ákærða tala um það, að „ná sér niðri á frystihúsinu“ eða eitthvað í þá átt. Vitnið sagðist ekki hafa vitað um meintan þátt ákærða að eldsvoðanum, fyrr en lögregla hefði komið að Garði og tilkynnt, að ákærði hefði viðurkennt að vera valdur að bruna þessum.

Vitnið hefur verið innt eftir því, hvort ákærði hafi verið ölv-aður, er bruninn átti sér stað, en vitnið segist ekki muna það.

Vitnin Vilhjálmur Magnússon, fæddur 23. apríl 1961, til heimilis Hátúni, Stokkseyri, og Gunnar Geirsson, fæddur 20. júlí 1961, Jaðri, Stokkseyri, hafa báðir skýrt frá því, að þeir hafi verið með ákærða að kvöldi hins 29. maí 1979. Tekin var nokkuð ítarleg lögregluskýrsla af nefndum Gunnari hinn 7. júní 1979, og hefur Gunnar þessi staðfest skýrslu þessa fyrir dómi. Að sögn Gunnars komu þeir Vilhjálmur að Sólbakka, m. a. var þar ákærði, en þarna bjó mágur ákærða, Elvar Ólafsson, og systir ákærða, Lilja. Áðurgreindur Gunnar sagði nefndan Elvar hafa verið nýkominn úr siglingu á togara og hefði bjór verið á boðstólum hjá honum. Nefndur Gunnar sagði ákærða hafa verið að drekka bjór, einnig hefðu ákærði og Elvar verið með vodka eða eitthvað slíkt í flösku.

Um kl. 1100 kvað vitnið það og ákærða hafa farið að Eyjaseli 5 á Stokkseyri og haft þar um klukkustundar viðdvöl. Kvað vitnið ákærða hafa áður fengið vínflösku hjá Elvari, mági sínum. Að Eyjaseli 5 sagði vitnið, að þeir hefðu tæmt flösku þessa. Frá Eyjaseli hefðu þeir farið aftur að Sólbakka, en þangað hefði ákærði viljað fara til að fá meira vín. Kvað vitnið, að þarna hefðu skilið leiðir með vitninu og ákærða, en vitnið sagðist hafa haldið gangandi af stað og hefði vitnið komið heim til sín rétt um kl. 0100.

Vitnið kvaðst ekki telja, að ákærði hefði verið mikið ölvaður þarna um kvöldið, heldur „rétt mildur“.

Vitnið Jón Jónsson, fæddur 10. júlí 1961, til heimilis Baldurs-haga, Stokkseyri, kvaðst hafa hitt ákærða að kvöldi hins 29. maí 1979 að Eyjaseli 5, Stokkseyri. Kvað vitnið ákærða hafa haft undir höndum áfengi. Að sögn vitnisins skildu leiðir með þeim fljótlega, þar eð vitnið staldraði stutt við að Eyjaseli.

Vitnið Eiríka Guðrún Ásgrímsdóttir, fædd 24. ágúst 1962, til heimilis Eyjaseli 5 á Stokkseyri, hefur skýrt frá því, að þriðju-dagskvöldið 29. maí 1979 hafi komið nokkrar stúlkur heim til sín. Milli kl. 2200—2300, að því er vitnið taldi, kom í heimsókn ákærði ásamt þeim Gunnari Geirssyni og Vilhjálm Magnússyni. Kvað vitnið ákærða hafa verið með áfengi í flösku meðferðis og hefðu áðurgreindir piltar neytt af flösku þessari og tæmt hana. Þeir hefðu þó staldrað stutt við og farið í burt milli kl. hálf tólf og tólf.

Að sögn vitnisins var ákærði ekki áberandi ölvaður.

Vitnið Sævar Ástmundsson, fæddur 20. febrúar 1961, til heimilis Eystri-Grund, Stokkseyri, kvaðst hafa farið til Reykjavíkur þriðjudagskvöldið 29. maí 1979 ásamt nokkrum öðrum, m. a. Guðlaugi Rúnari Ásgeirssyni og Guðmundi Guðmundssyni. Er þeir hefðu komið aftur að Stokkseyri, hefðu þeir farið að Eyja-seli 5. Þar hefði ákærði verið m. a. og hefði hann verið nokkuð ölvaður. Hefði ákærði haft á orði að fara heim til sín og sækja áfengisflösku, sem hann ætti þar, en nefndir Guðlaugur Rúnar og Guðmundur hefðu reynt að telja ákærða hughvarf og geyma áfengið heldur til næstu helgar.

Vitnið kvaðst hafa farið að Sólbakka frá Eyjaseli 5 og með vitninu hefði farið m. a. ákærði. Kvaðst vitnið hafa stansað stutt við að Sólbakka og verið komið heim til sín um 10 mínútur fyrir miðnætti.

Vitnið Soffía Gunnþórsdóttir, fædd 29. október 1961, til heimilis að Hásteinsvegi 14, Stokkseyri, hefur skýrt frá því, að aðfara-nótt hins 30. maí 1979 hafi það vaknað við, að dyrabjalla hringdi. Kvaðst vitnið hafa farið og opnað útidyr og séð, að úti stóð ákærði. Hefði ákærði spurt um Elsu, systur vitnisins, og aðra stúlku, en stúlkur þessar áttu heima á öðrum stað í þorpinu. Kvaðst vitnið hafa sagt ákærða, að það gæti ekki ímyndað sér annað en að þær væru heima hjá sér. Að sögn vitnisins spurði ákærði þá um ákveðinn aðilja, sem vitnið kvaðst ekki hafa séð. Kvaðst vitnið, er hér var komið sögu, hafa fljótlega boðið ákærða góða nótt og hefði ákærði þá farið í burtu.

Vitnið kvaðst ekki vera viss um, hvað klukkan var, en taldi,

að þetta hefði verið á tímabilinu milli kl. 0245—0315, en þó líklega á síðari hluta ofangreinds tímabils. Sagðist vitnið ekki hafa veitt ákærða sérstaka athygli, er hann hefði staðið þarna fyrir utan. Hefði vitnið ekki tekið sérstaklega eftir því, hvort ákærði hefði verið ölvaður, en vitnið kvaðst þó hafa sýnst á göngulagi ákærða, að hann hefði verið undir áhrifum áfengis (sic).

Vitnið Snorri Snorrason fæddur 10. september 1928, til heimilis Mánavegi 6, Selfossi, kveðst hafa verið yfirverkstjóri í Hraðfrystihúsi Stokkseyrar frá árinu 1975. Á þessum tíma kveður vitnið ákærða hafa unnið þar af og til, þar til honum var sagt upp störfum vorið 1979. Kveður vitnið ákærða hafa oft verið duglegan til vinnu, en lítið hægt að treysta á, t. d. með mætingar, en einnig hafi ákærði átt til að svíkjast undan vinnu. Þá hafi ákærði átt við áfengisvandamál að stríða.

Vitnið kveður ástæðuna til uppsagnar ákærða hafa verið vegna ofangreindra annmarka, en einnig vegna slæmra áhrifa ákærða á aðra unglunga, sem unnu í frystihúsinu.

Vitnið hefur lýst hinni svonefndu kaffistofu á svonefndu pappalofti í Hraðfrystihúsi Stokkseyrar. Kveður Snorri, að þarna hafi verið um að ræða smáafdrepp, 3x3 m² á að giska og veggj gerða úr spónaplötum. Inni í kaffistofu þessari hafi verið eitt borð og líklega bekkir eða stólar. Fyrir ofan afdrepp þetta og inn af nefndri kaffistofu hafi verið pappakassar eða umbúðir frystihússins geymdar.

Framangreindur Snorri segir, að kaffistofa þessi hafi verið gerð sökum þrengsla í aðalkaffistofu frystihússins. Snorri Snorrason lagði hins vegar áherslu á það fyrir dómi, að stranglega hafi verið bannað að reykja þar sökum eldhættu.

Vitnið Elvar Ólafsson, fæddur 7. febrúar 1960, til heimilis Skólabraut 8, Akranesi, mágur ákærða, kom fyrir dóm hinn 15. apríl sl. Kvaðst vitnið muna óljóst atburði, en vitnið kvað ákærða hafa komið heim til sín á Sólbakka að kvöldi hins 29. maí 1979. Kvaðst vitnið hafa veitt ákærða áfengi og m. a. látið hann fá ½ flösku af vodka og enn fremur eitthvað af bjór. Vitnið mundi tíma-
setningar óljóst, en vitnið kvað ákærða hafa farið í burtu í ca 1—2 tíma, en komið aftur og verið fram til kl. 0200. Varðandi hvort ákærði hafi haft ofangreinda ½ vodkaflösku, er hann fór frá Sólbakka í síðara skiptið, kvaðst vitnið ekki geta fullyrt um. Vitnið taldi enn fremur, að þeir og ákærði hefðu allt í allt drukkið á þessum tíma mikið til saman úr 1½ flösku.

Vitnið sagði, að ákærði hefði verið í ágætu skapi, er hann fór frá vitninu, en dálítið drukkinn.

Lilja Ósk Ásgeirsdóttir, systir ákærða, fædd 20. ágúst 1961, til heimilis Skólabraut 8, Akranesi, bar vitni fyrir dómi hinn 15. apríl sl. Kveður vitnið ákærða hafa komið heim til sín á Sólbakka að kvöldi hins 29. maí 1979 og staldrað þar nokkra stund, en vitnið segir eiginmann þess, Elvar Ólafsson, hafa verið nýkominn úr siglingu og hafi hann veitt áfengi. Kveður vitnið ákærða hafa verið þarna fram á nótt. Vitnið segir ákærða hafa farið út í stutta stund, en komið aftur. Kveður vitnið, að ákærði hafi komið í síðari skiptið til að fá 1 flösku af vodka. Vitnið kveður þau Elvar hins vegar hafa látið ákærða fá ½ flösku. Hafi ákærði rætt við þau í smástund, en farið síðan, en vitnið mundi ekki nákvæmlega tímasetningar.

Varðandi hvort ákærði hafi fengið meira af áfengi en ofangreinda ½ flösku, kveðst vitnið ekki vita, hvort ákærði hafi fengið meira áfengi hjá Elvari, þar eð vitnið hafi ekki verið mikið inni í stofu með ákærða og Elvari.

Vitnið segir, að ákærði hafi verið drukkinn, er hann fór frá Sólbakka, en vitnið kveður oft erfitt að dæma um ölvunarástand ákærða, þar eð hann „leyni á sér“ undir áhrifum áfengis. Að sögn vitnisins lá ekki illa á ákærða, en vitnið sagði enn fremur, að eitthvað hefði verið að brjótast í ákærða, án þess þó að vitnið gæti skýrt það nánar.

Aðspurt, hvort ákærði hafi verið gramur eða bitur vegna uppgagnar í Hraðfrystihúsi Stokkseyrar, svaraði vitnið því neitandi.

Fyrir liggur í máli þessu nokkuð nákvæmar lýsingar vitnanna Jóns Jónssonar, Baldurshaga, Stokkseyri, fædds 10. júlí 1961, og Guðmundar Hafsteins Hafsteinssonar, Bjargi, Stokkseyri, fædds 11. júlí 1962, á herbergi því, sem ákærði kveður eld hafa orðið lausan í, en ofangreindir aðiljar voru starfsmenn frystihússins og sögðust hafa verið í herbergi þessu að staðaldri í kaffitímum. Jón Jónsson kveður herbergi þetta eða kompu, eins og hann kallar það, hafa verið afþiljað með spónaplötum að neðanverðu nema á vesturhlið, en þar hafi verið klætt með sundurteknum pappakössum. Hafi sá veggur verið klæddur þannig frá gólfi til lofts. Ofan við spónaplötur á norðaustur- og suðurhlið hafi verið klætt upp að lofti með krossviðarplötum, sem þeir, sem þarna áttu athvarf, höfðu aflað sér og sett til að loka kompunni. Dyr voru á vesturhliðinni norðarlega, en þar var þó smáskot. Í því horni var pappakassi, sem notaður var til að henda í bréfum, t. d. utan af sælgæti.

í kaffistofunni var borð, og sneri það að glugganum og bekkir beggja vegna.

Borðið var úr harðviði og líklega lakkað, en ekki með plasthúð. Bekkirnir voru einnig úr timbri. Auk þess voru þarna tveir stólar. Framangreindur Jón sagði, að á borði þessu hefði ekki verið diskur eða öskubakki. Bannað hafi verið að reykja þarna, en það þó ekki alltaf verið virt. Í þeim tilvikum, sem reykt var, hafi verið notaðar flöskur, sem stóðu í glugganum, til að setja í ösku og vindlingastubba. Ekki hafi verið um að ræða neitt bréfadrasl þarna inni, þó væri til, að t. d. sælgætisbréf hefðu legið á gólfinu.

Lýsing Guðmundar Hafsteins Hafsteinssonar á herbergi þessu er í megindráttum samhljóða ofangreindri lýsingu Jóns Jónssonar. Þá kveður Guðmundur, að þarna inni hafi hvorki verið skál né öskubakki. Enn fremur er haft eftir Guðmundi, að hann haldi, að yfirleitt hafi aska og sígarettustubbar verið sett í öflöskur. Guðmundur kveður pappakassa hafa verið í einu horni og í hann yfirleitt hent bréfarusli, einkum sælgætisumbúðum. Mjög sjaldgæft hafi verið, að dagblöð væru þarna inni. Bréfarusl hafi aldrei verið skilið eftir á borðinu, heldur yfileitt hent í kassann, enda þótt það kunni að hafa farið utan við.

Ákærði var frekar spurður um tilvist öskubakka eða undirskálar í kaffistofu, sem eldur kom upp í, meðan ákærði sætti gæsluvarðhaldi. Var ákærða bent á, að vitni, sem höfðu verið yfirheyrð, könnuðust ekki við, að slík undirskál hefði verið til staðar í kaffistofunni. Var haft eftirfarandi eftir ákærða: „Ég staðfesti fyrri framburð minn varðandi umrædda undirskál, og hann er réttur eftir því sem ég man best. Ég man sérstaklega eftir því, að ég var að raða eldspýtum, sem voru í skálinni, í ferhyrninga, og held ég, að ég hafi náð að raða 3—4 slíkum, og kveikti ég síðan í þeim og notaði kveikjarann við það.“

Aðspurður, hvort hugsanlegt sé, að hann hafi náð í umrædda undirskál í hina kaffistofuna, kvaðst ákærði alls ekki muna, að hann hefði farið þangað inn. Ákærði lýsir undirskál þessari sem hvítri, þunnri af venjulegri stærð.

Í undirskál þessari hafi verið Camel pakki, sem hann hefði kveikt í, en einnig hefði hann kveikt í Viceroy pakka, sem hann hafi verið með sjálfur.

Persónulegir hagir ákærða.

Lárus Helgason læknir hefur framkvæmt geðrannsókn á ákærða, og kemur þar eftirfarandi fram.

Ákærði er fæddur í Reykjavík 22. júní 1957 og er þar að mestu upp alinn hjá foreldrum sínum, en árið 1972 flutti ákærði ásamt foreldrum sínum til Stokkseyrar og hefur búið þar síðan.

Ákærði er hinn þriðji í röðinni af sjö sytkinum. Honum gekk ekki vel í barnaskóla, en tók þó tilskilin próf. Fór ákærði snemma að vinna og hefur stundað ýmiss konar verkamannastörf. Þau ár, sem ákærði hefur búið á Stokkseyri, hefur hann mest unnið við hraðfrystihúsið þar.

Ákærði hóf áfengisneyslu, er hann var 15 ára. Fyrst í stað gætti hann hófs og hætti alveg um stund, er hann var 17 ára. Ákærði telur sig hafa átt við áfengisvandamál að stríða frá 18 ára aldri, enda þótt hann hafi ekki gert sér grein fyrir því fyrst í stað. Neytti hann áfengis um helgar og þá gjarnan tvo daga í senn. Án vins virðist hann almennt dagfarsprúður, en undir áhrifum áfengis hefur hann lent í ryskingum, eins og útlit hans ber merki. Er hann með snúið nef eftir nefbrot, og framtennur vantar í efri góm.

Ákærði missti föður sinn árið 1974, en hann býr nú að Garði á Stokkseyri með móður sinni og þrem bræðrum, er öll störfuðu, nema yngsti bróðirinn, sem hefur verið í skóla, við frystihúsið.

Ákærða var sagt upp starfi við frystihúsið, eins og áður segir, um vorið 1979 ásamt einum bróður hans.

Ákærði drakk gjarnan með bróður sínum eða öðrum félögum og lenti í vaxandi andstöðu við fólk, bæði innan og utan heimilis síns. Hann undi þó vel hag sínum og hugsaði ekki til neinna beytinga. Við áðurgreinda uppsögn ákærða við Hraðfrystihús Stokkseyrar verður hins vegar veruleg röskun á lífi hans. Reyndi ákærði að fá atvinnuleysisbætur, en var synjað um þær. Svo virðist sem ákærði hafi þá fyrst gert sér grein fyrir því, hversu margir aðiljar voru honum andsnúnir í þorpínu, og gert sér grein fyrir því, að hann yrði að sækja atvinnu út fyrir Stokkseyri. Ákærði gat þó ekki fyrst í stað hugsað sér að breyta lífi sínu og notaði því vara-sjóð í banka til þess að dvelja heima.

Í ályktun Lárusar Helgasonar geðlæknis um ákærða segir:

„Hér erum að ræða 22ja ára ókvæntan verkamann, sem hlaut takmarkaða skólamenntun. Hann er að eðlisfari fremur illa gefinn og er greinilega illa ræktaður greindarfarslega. Hann er hugmyndasnauður og ályktunarhæfni skert. Hann hefur tamið sér hugleti og látið sig fremur litlu varða tengsl orsaka og afleiðinga í lífi sínu. Hann er hins vegar útsjónarsamur til verklegra hluta

og getur lýst vélum, viðgerðarþáttum og framkvæmdaþáttum furðu vel.

Jón Björn telst sakhæfur, þar sem hann er hvorki geðveikur eða vanviti. Hann er hins vegar með fremur lítt þroskaðan persónuleika, bæði greindarfarslega og tilfinningalega (Immature Personality). Einnig hefur hann neytt áfengis í óhófi (Habitual Excessive Drinking). Hann hefur þegar gert sér grein fyrir því, hversu nauðsynlegt það er honum að draga úr ofneyslu víns, og leitað aðstoðar í því skyni.“

Niðurstöður.

Með hliðsjón af játningu ákærða verður talið sannað, að ákærði hafi valdið eldsvoða í Hraðfrystihúsi Stokkseyrar árla morguns hins 30. maí 1979. Af gögnum málsins er enn fremur ljóst, að eldsvoði á ofangreindum stað hafi getað haft í för með sér augljósa hættu á yfirgripsmikilli eyðingu eigna, sem raun varð á. Háttsemi ákærða verður því hlutlægt séð felld undir 1. mgr., sbr. 2. mgr. 164. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Um aðdraganda eldsvoðans eða hugsanlegrar hvatir ákærða í þessu sambandi verður í máli þessu að mestu leyti að byggja á framburði ákærða sjálfs. Ákærði hefur haldið því þrúfaldlega fram, að eldsvoði þessi hafi stafað af slysn. Hann hafi ekki valdið eldsvoða þessum af ásetningi eða hér hafi verið um viljaverk að ræða.

Eigi verður af gögnum málsins séð, að ákærði sé haldinn eldsýki. Heldur verður eigi ráðið, að ákærði hafi valdið ofangreindum eldsvoða í hagnaðarskyni. Ákærði, sem var starfsmaður hjá Hraðfrystihúsi Stokkseyrar, var sagt þar upp starfi, skömmu áður en bruninn átti sér stað, m. a. vegna slæmrar hegðunar og lélegrar mætingar á vinnustað. Í máli þessu hefur verið sérstaklega kannað, hvort hugsanlegur illvilji í garð forráðamanna frystihússins hafi ráðið verknaði þessum. Hefur eigi neitt fram komið, er bent getur til þess, að svo hafi verið.

Af framansögðu verður eigi hér talið sannað, að um beinan ásetning hafi verið að ræða hjá ákærða, er hann olli fyrrgreindum eldsvoða. Til athugunar er, hvort sú athöfn ákærða að kveikja eld við þær aðstæður, sem hér um ræðir, feli í sér yfirgnæfandi líkur á eldsvoða, þannig að jafna megi til ásetningsverknaðar. Af gögnum málsins er ljóst, að herbergi það, sem eldur kom upp í, var þannig úr garði gert, að gæta bar sérstakrar varúðar í með-

ferð elds. Þarna var m. a. bannað að reykja sökum eldhættu, en það bann mun ekki alltaf hafa verið virt.

Óvarlegt er þó að álykta, að það eitt að kveikja eld á umræddum stað hafi í för með sér svo yfirgnæfandi líkur á eldsvoða, að telja verði ásetningsbrot.

Með þetta í huga og þegar virtur er sá framburður ákærða, að hann hafi verið við drykkju um kvöldið og nóttina fyrir brunann, en sá framburður hefur verið studdur frásögnum nokkurra aðilja í málinu, og hann hafi sofnað yfir eldinum, en vaknað við, að alelda var í kringum hann, verður eigi gegn staðhæfingum ákærða talið sannað, að ákærði hafi valdið eldsvoða þessum af ásetningi.

Samkvæmt þessu verður brot ákærða ekki talið varða eingöngu við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 164. gr. alm. hegningarlaga, eins og ákærða er aðallega gefið að sök í ákæru.

Ákærði gerði sig hins vegar sekan um stórfellt gáleysi með háttsemi sinni. Honum mátti vera það ljóst að kveikja eld við þær aðtæður, sem hér um ræðir, gat haft í för með sér ófyrirsjáanlegar afleiðingar sökum þrengsla og eldfimra efna þarna í nágrenni, enda þótt ekki verði talið, að menn hafi verið þarna í lífsháska. Ákærði vissi, að þarna var bannað að reykja vegna eldhættu, en ákærði var þarna í heimildarleysi. Ákærði gerði sig sekan með ofangreindu um stórkostlega vítavert athæfi, sem hafði í för með sér mikla eyðileggingu á eignum annarra.

Samkvæmt þessu telst ákærði hafa gerst sekur um þá háttsemi, er honum er gefin að varasök í ákæru, eða brot á 1. mgr., sbr. 2. mgr. 164. gr., sbr. 167. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði er sakhæfur.

Hann hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1977 10/6 í Árnassýslu: Sátt, 7.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1977 27/8 í Árnassýslu: Sátt, 6.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1978 6/1 í Árnassýslu: Sátt, 40.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 5. mán. frá 6. janúar 1978.
- 1978 16/7 í Árnassýslu: Sátt, 10.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1980 2/4 í Árnassýslu: Sátt, 20.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga og 3. mgr. 16. gr. sömu laga.

Með hliðsjón af öllum málavöxtum þykir refsing ákærða vera

hæfilega ákveðin fangelsi í 7 mánuði. Refsingu þessari komi til frádráttar að fullri dagatölu sá tími, er ákærði sat í gæsluvarðhaldi frá 1. júní 1979 til 28. júní s. á. með vísan til 76. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Þá skal ákærði greiða allan sakarkostnað, þ. á m. laun til skipaðs verjanda, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00, og kr. 4.500.00 í saksóknarlaun til ríkissjóðs.

Í máli þessu liggur fyrir krafa Brunabótafélags Íslands um skaðabætur vegna brunatjóns, en hús og aðrar eignir Hraðfrystihúss Stokkseyrar voru tryggðar hjá Brunabótafélagi Íslands.

Krafa þessi sundurliðast þannig:

Tjón á fasteignum	gkr. 102.000.000
Tjón á tækjum	— 199.427.657
Matskostnaður	— 912.583

Samtals gkr. 302.340.240

Af hálfu Brunabótafélags Íslands hafa verið lögð fram gögn kröfum þessum til stuðnings.

Er þar um að ræða matsgerð vegna tjóns á fasteignum Hraðfrystihúss Stokkseyrar, unna af verkfræðingunum Gunnari Torfasyni og Óskari Þorvarðarsyni, reikningar vegna matskostnaðar og samkomulag um tjónbætur vegna brunatjóns á lausafé og frystivélum Hraðfrystihúss Stokkseyrar h/f þann 30. maí 1979.

Samkomulag þetta undirrita Ásgrímur Pálsson f. h. Hraðfrystihúss Stokkseyrar, Hilmar Pálsson af hálfu Brunabótafél. Íslands og Jón Oddsson matsmaður.

Af hálfu verjanda ákærða hefur kröfu þessari verið mótmælt sem órökstuddri og ófullnægjandi.

Telja verður, að framkomin krafa Brunabótafélags Íslands sé nægilega skýrð og verði eigi vefengd.

Samkvæmt þessu og með hliðsjón af 25. gr. laga nr. 20/1954 ber ákærða að greiða Brunabótafélagi Íslands h/f gkr. 302.340.240 í skaðabætur. Eigi er lagaheimild fyrir dómara til að lækka kröfu þessa með tilliti til efnahags og aðstæðna ákærða samkvæmt 25. gr. laga nr. 20/1954.

Telja verður, að hagsmuna ákærða hafi verið gætt á fullnægjandi hátt við matsgerð með aðild Brunabótafélags Íslands við mat á tjóni.

Karl F. Jóhannsson, fulltrúi sýslumannsins í Árnessýslu, kvað upp dóm þennan.

Dómari máls þessa tók í upphafi við máli þessu í október 1979 og þingfesti málið.

Dómari fór skömmu síðar, eða í desember, í ársleyfi og var á þeim tíma ekki með mál þetta, en hinn 21. janúar sl. tók dómari við máli þessu að nýju.

Mál þetta hefur síðan einkum dregist vegna þess, hve erfiðlega hefur tekist að ná til vitna, og anna dómara vegna annarra starfa.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Björn Ásgeirsson, fæddur 22. júní 1957, sæti fangelsi í 7 mánuði. Til frádráttar refsingu þessari komi sá tími, er ákærði sat í gæsluvarðhaldi frá 1. júní—28. júní 1979.

Ákærði greiði Brunabótafélagi Íslands í skaðabætur gkr. 302.340.240.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. á m. laun til verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00, og kr. 4.500.00 í saksóknarlaun í ríkissjóð.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 10. júní 1982.

Nr. 254/1981. Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson,
settur vararíkissaksóknari)
gegn

Sigurði Páli Sverrissyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

og Runólfi Þór Jónssyni
(Páll A. Pálsson hrl.).

Ávana- og fikniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974 og 173. gr. a alm. hegningarlaga.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddson og Magnús P. Torfason.